

Samstarf Landspítala og Tannlæknadeildar Háskóla Íslands með þátttöku Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) varðandi börn með skarð í vör/klofinn góm:

Við fæðingu fá foreldrar þessara barna helstu upplýsingar um væntanlegt meðferðarferli, en það byggist á skýrslu vinnuhóps frá 2002 um þjónustuferli barna sem fædd eru með skarð eða aðra gómgalla (viðhengi).

Tannlæknadeild kemur ekki beint að þessu ferli í byrjun, en sérfræðingar deildarinnar geta komið á fræðslufundi sem haldnir eru á vegum spítalans, ef óskað er. Einnig geta foreldrar leitað til Tannlæknadeildar hvenær sem er fram að sjötta aldursári, ef spurningar vakna. Í þeim tilgangi er foreldrum bent á að hringja á Tannlæknadeild (525 4850) eða senda fyrirspurnir í netfangið bros@hi.is, sem eingöngu verður notað í þessum tilgangi.

Á sjötta aldursári barnsins er tímabært að huga að skoðun varðandi fyrirhugaðar tannréttingar. Barnið verður þá skoðað á Tannlæknadeild og nauðsynleg gögn tekin til að meta hvort meðferð sé tímabær og nauðsynleg. Misjafnt getur verið hversu mikið þarf að taka af myndum og öðrum gögnum. Eftir skoðunina skila sérfræðingar Tannlæknadeildar ráðgefandi greinargerð til SÍ, þar sem kveðið verður á um ofangreind atriði. SÍ geta því aðeins tekið afstöðu til greiðsluþátttöku vegna tannréttinga að þessi greinargerð frá Tannlæknadeild liggja fyrir. Búið er að opna sérstaka gátt þar sem hægt er að senda gögn með öruggum hætti á milli THÍ og SÍ í þessum tilgangi. Í kjölfarið velja foreldrar barnsins þann tannréttingasérfræðing sem tekur við meðferð barnsins og fær afrit af myndum og öðrum gögnum. Upplýsingar um tannréttingasérfræðinga verða veittar á Tannlæknadeild.

Gróf meðferðaráætlun:

6-7 ára:

Nauðsynleg gögn eru tekin til að ákvarða meðferð. Áður hefur barnið farið til tannlæknis og fengið nauðsynlega tannlæknaþjónustu hjá heimilistannlækni. Á þessum tímapunkti gæti þurft að fjarlægja aukatennur eða aðstoða tennur, sem illa komast niður auk þess stundum þarf að rétta tennur sem koma mjög skakkt niður. Þá getur þurft að setja upp föst tæki að hluta.

9-13 ára:

Í flestum tilfellum þarf að víkka efri kjálka og græða bein upp í gómhvelfinguna. Það bein er gjarnan tekið úr mjaðmarkambi. Áður þarf að víkka efri góminn, en nær alltaf er efri gómur of þröngur vegna skarðsins. Það er gert með tannréttingatækjum. Mikilvægt er að halda víkkunartækjum í munni í 6-12 mánuði eftir að beinflutningur hefur átt sér stað til að tryggja stöðugleika. Þessu ferli ætti að vera lokið um 10-11 ára aldurinn.

Full tannréttingameðferð með föstum tækjum hefst þegar allar fullorðinstennur eru komnar í munn og er algengur aldur 13 ár.

18-20 ára:

Í einhverjum tilvikum þarf einnig að gera kjálkaskurðaðgerðir til að samræma stærðir efri og neðri kjálka. Þær eru ekki gerðar fyrr en öllum vexti einstaklings er lokið og því er yfirleitt beðið með þær fram undir 18 ára aldur, og jafnvel lengur hjá drengjum. Þegar slíkt á við, þarf að setja upp tannréttingatæki að nýju áður en kjálkaskurðaðgerð er gerð.

Slá verður þann varnagla að tannþroski barna með skarð í vör/góm getur verið ákaflega misjafn sem og líkamlegur þroski þeirra. Því eru ofangreind aldursmörk einungis nefnd til viðmiðunar.